

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

57. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélagsins Súganda, Suðureyri. Staðfest 18. okt. 1968.
58. Nefnd Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Vélstjórafélags Íslands, Mótórvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna, Félags Bryta. Staðfest 22. okt. 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

30. október 1968.

Nr. 279.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. desember 1965, um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. desember 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgrein 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar 2.5% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 625.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 53 4. marz 1966 um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.